

2. gr.

175

27. des.

3. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Sýsluvegasjóður kostar byggingu og viðhald aðalsýsluvega. Sýsluvegasjóður leggur fram fé til byggingar auka sýsluvega gegn framlagi annars staðar að. Jafnaðarlega skal koma jafnhátt framlag gegn framlagi sýsluvegasjóðs. Þó getur sýslunefnd ákveðið annað hlutfall. Viðhald aukasýsluvega skal jafnaðarlega greiðast úr viðkomandi sveitarsjóði eða af öðrum aðilum í hreppnum. Þó getur sýslunefnd ákveðið, að viðhald aukasýsluvega skuli greiðast af sömu aðilum og byggingarkostnaður hans, og í sömu hlutföllum. Það er skilyrði fyrir fjárveitingu úr sýsluvegasjóði til aukasýsluvegar, að hreppsnefnd leggi fyrir sýslunefnd hverju sinni umsókn þar að lútandi, og henni fylgi skilríki fyrir því, að framlag á móti sé fyrir hendi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 10 9. febr. 1953, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 27. desember 1956.

Hermann Jónasson.

Brynj. Ingólfsson.

RÆKTUNARSAMÞYKKT

176

27. des.

fyrir Ræktunarsamband Vestur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Ræktunarsambandið nær yfir félagssvæði Búnaðarfélags Suðurfjarðahrepps, Búnaðarfélags Ketildalahrepps, Búnaðarfélags Tálknafjarðahrepps, Búnaðarfélagsins „Örlygur“ í Rauðasandshreppi og Búnaðarfélags Barðastrandahrepps í Vestur-Barðastrandarsýslu.

2. gr.

Framkvæmdarstjórn ræktunarsambandsins skipa 5 menn, sinn frá hverju búnaðarfélagi, og skulu þeir kosnir leynilegri kosningu á aðalfundum búnaðarfélaganna til þriggja ára í senn.

Í fyrsta sinn ganga úr stjórn eftir eitt ár stjórnarnefndarmenn Búnaðarfélags Suðurfjarðahrepps og Búnaðarfélags Ketildalahrepps, annað árið stjórnarnefndarmenn Búnaðarfélags Tálknafjarðahrepps og Búnaðarfélagsins „Örlygur“ á Rauðasandi og þriðja árið stjórnarnefndarmaður Barðastrandahrepps og síðan eftir sömu röð.

Framkvæmdarstjórnin velur sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

3. gr.

Formaður framkvæmdarstjórnar kallar stjórnina til fundar, þegar honum þykir þess þörf, eða stjórnarnefndarmaður óskar þess.

Ræktunarsambandið heldur aðalfund fyrir 1. júní ár hvert og sé hann fulltrúafundur, skipaður 10 fulltrúum, auk stjórnarnefndarmanna, og séu tveir fulltrúar frá hverju búnaðarfélagi kosnir á aðalfundum.

Fundurinn er opinn öllum félagsmönnum á sambandssvæðinu, en eigi skulu þeir hafa tillögu- né atkvæðisrétt í málum.

176 Stjórn ræktunarsambandsins boðar fund með nægum fyrirvara og getur helztu 27. des. fundarefna. Hún leggur fram endurskoðaða reikninga ræktunarsambandsins fyrir fundinn til samþykktar.

Framkvæmdarstjórnin ber ábyrgð fyrir aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða.

4. gr.

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa að upphæð kr. 1 100 000.00 — ein milljón og eitt hundrað þúsund krónur —. Stofnfé sjóðsins skal aflað þannig:

1. Búnaðarfélagin á sambandssvæðinu leggja fram sem óafturkræft framlag $\frac{1}{4}$ hluta stofnfjárins.
2. Búnaðarsamband Vestfjarða leggur fram $\frac{1}{4}$ hluta stofnfjárins, ef það samþykkir framlag til kaupa á 3 jarðýtum, en annars sé þess fjár, sem á vantar, aflað með lántökum.
3. Ríkissjóður leggur fram $\frac{1}{2}$ stofnfjárins, þegar framlag er greitt til kaupa á ræktunarvélum, er ræktunarsambandið kaupir.

Í stofnsjóð falla einnig tekur af ákvæðisvinnu, er sjóðnum kunna að áskotnast.

5. gr.

Framlög búnaðarfélaganna á sambandssvæðinu greiðist í hlutfalli við fasteignamat lands- og ræktunarlóða, þó þannig, að verðeining ræktunarlóða beri aðeins $\frac{1}{4}$ hluta gjaldþunga á móti einingu í öðru landverði

6. gr.

Tillögur, er fram kunna að koma um breytingu á samþykkt þessari, skulu lagðar fyrir aðalfund ræktunarsambandsins. Nái þær samþykki $\frac{2}{3}$ eða fleiri atkvæðishærra fundarmanna, sendast þær aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða til meðferðar. Nái þær þar samþykki $\frac{2}{3}$ atkvæðishærra fundarmanna, skal stjórn sambandsins senda þær Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim. Ræktunarsamþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefur verið samþykkt af landbúnaðarráðherra.

Ræktunarsamþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20. febrúar 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. desember 1956.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.